

## REGLUGERÐ

### um (8.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

Í 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr.:

Í 2. málsli b-liðar 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 250“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*